

From: [Þuríður María Guðmundsdóttir](#)
To: [Íbúaráð Háaleiti og Bústaðahverfi](#); skipulag@veitur.is
Subject: Ármúli, Vegmúli og Hallarmúli - Ármúli 13A - auglýsing
Date: föstudagur, 13. september 2024 09:47:49
Attachments: [image001.png](#)
[image002.png](#)

Góðan dag,
Það tilkynnist hér með að auglýsing að nýju deiliskipulagi vegna Ármúli, Vegmúli og Hallarmúli - Ármúli 13A, birtist í Morgunblaðinu í gær, fimmtudaginn 12. september sl. Tillagan er í kynningu frá 12. september 2024 til og með 24. október 2024. Gögn er hægt að skoða á síðunni, skipulagsgatt.is. Sjá eftirfarandi slóð:
<https://www.skipulagsgatt.is/issues/2024/1095>

Ármúli, Vegmúli og Hallarmúli - Ármúli 13A

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. ágúst 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. ágúst 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ármúla, Vegmúla og Hallarmúla vegna lóðarinnar nr. 13A við Ármúla. Í breytingunni sem lögð er til felst hækkun hússins um eina hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.skipulagsgatt.is. Einnig má nálgast tillöguna hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 **frá 12. september 2024 til og með 24. október 2024**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 24. október 2024**. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda tölvupóst á skipulag@reykjavik.is.



Með kveðju, Þuríður María Guðmundsdóttir

skrifstofufulltrúi

Sími: +354 411 1111

Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.